

## 1. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn í A sal ÍSÍ, miðvikudaginn 30. maí 2022, kl. 17:00.

Mættir: Eva Hrund Gunnarsdóttir, Sólveig Jónsóttir, Helga Svana Ólafsdóttir, Róbert Kristmannsson, Þórey Kristinsdóttir, Fjóra Þrastardóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Edda Dögg Ingibergsdóttir, Kristinn Arason, Halldóra Guðvarðardóttir, Sigurbjörg Fjölnisdóttir, Marta Sigurjónsdóttir, Stefanía Reynisdóttir, Axel Þór Eysteinnsson og Þór Ólafsson (á Teams).

Forföll boðaði: Magnús Heimir Jónasson

Fundargerð ritaði: Eva Hrund Gunnarsdóttir

### Málefni tekin fyrir á milli funda á Teams fundi

1. Fjárhagsáætlun 2022-2023 (Fundur, 7. apríl 2022) – Til samþykktar

Eva fór yfir fjárhagsáætlun 2022-2023. Stjórn samþykkti fjárhagsáætlunina.

### Málefni tekin á fundi

2. Félagaskipti og erlendir keppendur – Til umræðu

Ákveðið að senda erindi frá stjórn inn á næsta FSÍ þing til umræðu um þetta málefni.

3. Dómarasektir – Til samþykktar

Áður var það þannig að ef dómara var ekki skilað inn að keppendur misstu keppnisrétt. Stjórn á sínum tíma ákvað það að þau vildu ekki svipta keppendum keppnisrétt og var sett gjald ef dómara var skilað of seint en ekki ákveðið gjald ef að dómara væri ekki skilað. Nú er það þannig að það eru of mörg félög sem skila ekki inn dómurum sem setur tækninefndir og skrifstofu í vandræði. Því þurfum við að sekta félögin ef þeir skila ekki dómurum inn. Stjórn samþykkti tillögu skrifstofu um að dómarasekt fyrir hvert dómargildi sem ekki er skilað inn sé 50.000 kr. Einnig var ákveðið að ef dómara er skilað seint að sektin sé 18.000 kr. Þeir tækninefndarmeðlimir sem ná að redda inn dómara fá umbun fyrir sín störf.

Spurning um að það væri hægt að taka dómarapróf í auðveldari reglum?



#### 4. Landsliðsfólk á landsbyggðinni – Til samþykkingar

Við höfum verið að styrkja landsliðsfólk í áhaldafimleikum um 20.000 kr. 2x á ári. Nú eru mjög margir í landsliðinu í hóp fimleikum á landsbyggðinni og því viljum við gera það sama fyrir þetta fólk. Við leggjum því til að þessir einstaklingar í hóp fimleikalandsliðinu fái styrk upp á 20.000 kr., tvisvar sinnum yfir tímabilið. Stjórn samþykkir tillöguna.

Þyrftum að fjárafla þetta sérstaklega í framtíðinni og gera betur. Getum líka hjálpað þessum einstaklingum með sölu "pitch", búið til pakka fyrir þau.

#### 5. Nefndir, gjafapakki – Til samþykkingar

Okkur langar til að gera meira fyrir þau og sýna þeim að þau skipti máli. Þegar tímabilið hefst þá myndu þau fá gjafapakka frá okkur. Einnig viljum við að þau geti annað hvort fundað hér í FSÍ og fengið sér mat niðri eða pantað sér t.d. pizzu einu sinni í mánuði þegar þau funda. Einnig viljum við hitta þau og fara með þau út að borða 1x á ári.

#### 6. Heimsóknir í félögin – Til umræðu

Þurfum að fara að heimsækja félögin á næstunni. Einn starfsmaður og einn stjórnarmaður færi á hvern stað. Tilgangurinn er að kynna okkur, kynnast þeim betur og aðstoða þau. Ætlum að reyna að sækja um styrk fyrir þessu.

#### 7. Hvernig fáum við fleiri á formannafundi og þing – Til umræðu

Það hefur ekki verið góð mæting undanfarin ár á formannafundi og þing. Af hverju kemur fólk ekki? Væri hægt að færa formannafundinn inn á félögin? Það félag sem ætti fundinn gæti þá í leiðinni kynnt öðrum fyrir félaginu sínu o.s.frv. Þurfum við að styrkja félögin úti á landi svo þau mæti. Stefnum á að vera með þingið úti á landi 2023. Þurfum að tilkynna það snemma svo hægt sé að búa til stemmningu. Gefum út í júní hvar þingið verður.

#### 8. Mannvirkjanefnd – Til umræðu

Við auglýstum eftir fólki í mannvirkjanefnd og það hafa fjórir boðið sig fram í nefndina. Sólveig ætlar að boða þessa aðila til sín og koma nefndinni að stað.



## 9. Erlent samstarf nefnd – Til umræðu

Við viljum búa til nefnd sem sér um að taka á móti gestum erlendis frá. Það hefur enginn boðið sig fram í þessa nefnd þannig að við ætlum að reyna að finna fólk í nefndina.

Rætt um erlent samstarf.

## 10. Erindum vísað til stjórnar eftir þing – Til umræðu

Tækninefnd karla óskar eftir því að keppt sé líka í 6. þrepi karla á FSÍ mótum. Tækninefnd kvenna treystir sér ekki í 6. þrep vegna fjölda keppenda kvenna megin. Stjórn vill leyfa árinu að líða og taka stöðuna á þessu að ári. Stjórn hvetur félögin til að bjóða upp á fleiri vinamót í 6. þrepi karla.

## 11. Verkefnastaða skrifstofu – Til upplýsinga

Starfsmenn fóru yfir stöðuna á sínum verkefnum.

## 12. Staðan á fræðslukerfinu – Til upplýsinga

Fræðslukerfið fer á fullt núna í sumar. Þjálfari 1 er tilbúið, eftir að fínisera inn í Canvas. Búið að taka upp Aðstoðarþjálfara 1 og Aðstoðarþjálfari 2 er í vinnslu. Það er búið að taka upp alla fyrirlestrana en á eftir að klára að klippa. Það er eríð að deila fyrirlestrum á fólk í Þjálfara 2. Verðskrá námskeiðanna er klár.

## 13. Ársfjórðungsuppgjör Q1 – Til upplýsinga

Eva fór yfir stöðuna.

## 14. Afreksstefna og stefna sambandsins – Til umræðu

Sólveig fór yfir stöðuna á Afreksstefnunni. Stjórn skipti með sér hlutverkum inn í báðar stefnurnar.



**Fimleikasamband  
Íslands**

15. Stjórn skiptir með sér verkum

Kristinn, formaður

Sigurbjörg, varaformaður

Pór, gjaldkeri

Halldóra, ritari

Fundi slitið kl. 19:30.